



Velferðarnefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 4. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, og lögum um sjúkraskrár (heilbrigðisskrár o.fl.).

Vísað er í tölvupóst, dags. 25. september sl., þar sem velferðarnefnd sendi frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, og lögum um sjúkraskrár, til umsagnar til Landspítala. Málið er endurflutt og komið hefur verið til móts við athugasemdir Landspítala á fyrri stigum. Landspítali vill samt sem áður benda á að rétt er að samræma orðalag í 2. gr. og 4. gr. frumvarpsins að því er varðar samstarf við heilbrigðisstofnanir utan Evrópska efnahagssvæðisins sem teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands. Í 1. mgr. 2. gr. c. er vísað til þessa sjónarmiðs en ekki í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Rétt væri að vísa jafnframt í þessa samvinnu í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Landspítali vill áréttá mikilvægi þess að umrætt frumvarpi fái framgang og verði samþykkt af Alþingi. Ákvæði 2. gr. c. sem verður að nýrri 8. gr. c. í lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, og ákvæði 4. gr. frumvarpsins sem verður að nýrri 17. gr. c. í lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár, eru þýðingarmikið fyrir starfsemi spítalans.

Virðingarfyllt,

Runólfur Pálsson,
forstjóri

